



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
nefnasvið@althingi.is

Akureyri 23. febrúar 2023

Efni: Umsögn embættis Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996, með síðari breytingum (afbrotavarnir, vopnaburður og eftirlit með lögreglu), 535. mál.

Með tölvupósti dags. 13. febrúar sl. var embætti Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra (LSNE) boðið að koma að athugasemdum við ofangreint frumvarp og er bréf þetta skrifað af því tilefni.

1. Almennt

Embætti LSNE lýsir ánægju sinni með framkomið frumvarp dómsmálaráðherra og tekur undir umsögn Lögreglustjórafélags Íslands dags. 23.02.2023. Mikilvægt er að skerpa á mikilvægum þáttum sem eru löggæslunni nauðsynlegir. Eðlilegt er að ákvæði um vopnaburð lögreglu komi fram í lögreglulögum en ekki vopnalögum. Þá skiptir verulegu máli að lögregla geti rækt afbrotarvarnahlutverk sitt, sem hún fer með lögum samkvæmt en skort hefur nauðsynlegar heimildir til að sinna þeim í alvarlegustu afbrotum landsins. Frumvarpið leggur til skynsamlega og varfærna leið til þess að lögregla geti rækt afbrotarvarnahlutverk sitt þegar um skipulagða brotastarfsemi er að ræða, undirbúning hryðjuverka og landráðabrot.

2. Ákvæði um meðferð vopna hjá lögreglu.

Með frumvarpinu er sett inn ákvæði um vopnaburð lögreglunnar í lögreglulög en hingað til hefur lagastoðin verið í vopnalögum. Að mati LSNE er eðlilegt að ítarlegar valdbeitingarreglur séu settar af ráðherra en grundvallar lagaheimildin sé í lögreglulögum rétt eins og heimild lögreglu til valdbeitingar, sem er í 1. mgr. Við þessa lagabreytingu verður engin breyting á verklagi lögreglu við valdbeitingu eða vopnaburð heldur er lagastoðin færð í lögreglulög úr vopnalögum. Heimild lögreglu til að vopnast verður ekki rýmri með breytingunni eða kallar á nein viðbrögð með breytingum á valdbeitingarreglum eða verklagi. Efnislegar breytingar eru því engar.

3. Afbrotavarnir

LSNE fagnar því að skerpa eigi á heimildum lögreglu er snýr að skyldum hennar gagnvart afbrotavörnum og tekur undir með Lögreglustjórafélagi Íslands varðandi það sem fram kemur í umsögn félagsins um afbrotavarnir. Lögreglu er nauðsynlegt að hafa þau tæki sem þarf til að berjast gegn skipulagðri brotastarfsemi sem er orðinn veruleiki í íslensku samfélagi. Þá verður að tryggja að lögregla geti tryggt öryggi borgaranna og ríkisins með fullnægjandi hætti og þarf lögregla þá að sjálfsgöðu að hafa til þess heimildir.

LSNE lýsir ánægju sinni með framkomið frumvarp og telur mikilvægt að það verði að lögum svo lögregla geti sinnt skyldum sínum og meðal annars tryggt öryggi borgaranna. Þá fagnar LSNE einnig ákvæðum um frekara eftirlit með störfum lögreglu.

Embætti Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra styður frumvarpið.

Páley Borgþórsdóttir, lögreglustjóri.